

## REGLUGERÐ

### um (1.) breytingu á reglugerð nr. 1106/2020, um takmörkun á skólastarfi vegna farsóttar.

#### 1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. reglugerðarinnar:

- a. 2. másl. 1. mgr. orðast svo: Sé ekki unnt að tryggja 2 metra nálægðartakmörkun milli starfsfólks skal það notast við andlitsgrímur.
- b. Á eftir 2. másl. 1. mgr. kemur nýr málslíður svohljóðandi: Starfsfólki ber ekki skylda til að nota andlitsgrímur í samskiptum við leikskólabörn.
- c. Á eftir lokamáslíð 1. mgr. kemur nýr másl. svohljóðandi: Ákvæði um blöndun hópa, grímuskyldu og nálægðartakmörkun gilda ekki á útisvæðum leikskóla.
- d. Á eftir orðinu „heimilt“ í 6. mgr. kemur: , þó að hámarki 50 börn saman. Ekki þarf að halda sömu hópaskiptingu og er í leikskólastarfi.

#### 2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. reglugerðarinnar:

- a. Á eftir orðinu „starfsfólks“ í 1. másl. 1. mgr. kemur: , milli starfsfólks og nemenda í 8.–10. bekk og milli nemenda í 8.–10. bekk.
- b. 2. másl. 1. mgr. orðast svo: Sé ekki unnt að tryggja 2 metra nálægðartakmörkun skv. 1. másl. skulu kennarar og nemendur í 8.–10. bekk notast við andlitsgrímur.
- c. Á eftir 2. másl. 1. mgr. kemur nýr málslíður svohljóðandi: Starfsfólki ber ekki skylda til að nota andlitsgrímur í samskiptum við nemendur í 1.–7. bekk.
- d. Í stað orðanna „1.–4. bekk“ í 1. másl. 2. mgr. kemur: 1.–7. bekk.
- e. Í stað orðanna „5.–10. bekk“ í 1. másl. 3. mgr. og í 1. og 2. másl. 4. mgr. kemur: 8.–10. bekk.
- f. Á eftir 4. mgr. kemur nýr másl. svohljóðandi: Á útisvæðum grunnskóla gilda ekki ákvæði um blöndun hópa, grímuskyldu eða nálægðartakmörkun milli nemenda.
- g. Á eftir orðinu „grunnskólastarfi“ í 6. mgr. koma orðin: , í félagsmiðstöðvum.
- h. 8. mgr. verður svohljóðandi: Skipulagt íþrótt-, æskulýðs- og tómstundastarf barna á grunnskólaaldri er heimilt, þ.e. að hámarki 50 börn í 1.–4. bekk og að hámarki 25 í 5.–10. bekk. Ekki þarf að halda sömu hópaskiptingu og er í grunnskólastarfi.

#### 3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 12. gr. sóttvarnalaga nr. 19/1997, tekur gildi 18. nóvember 2020 og gildir til og með 1. desember 2020.

*Heilbrigðisráðuneytinu, 16. nóvember 2020.*

F. h. r.

**Ásta Valdimarsdóttir.**

*Ásthildur Knútsdóttir.*